

ÚTIVISTAR-REGLURNAR*
*Stev. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20
13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 22
13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 24






FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

*Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Þregða má út af reglu-
num þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá
viðurkenntri skóla-, íþróttla- eða atvikaáætlun. Aldur miðast við fæðingarár.*

Samtaka eru samtök foreldrafélaga á Akureyri. Tilgangur Samtaka er að styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps í sveitarfélaginu og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamállum, meðal annars með því að auka samskipti milli foreldra og grunnskóla. Einnig hefur Samtaka beitt sér í forvarnarstarfi og fræðslu fyrir foreldra. Foreldrum/forráðamönnum er bent á facebook síðu Samtaka „**Samtaka – Svæðisráð foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrar**“ til að fylgjast með starfinu.

Eitt af þeim málum sem koma upp á hverju hausti er umræða um útivistartíma barna. Samtaka er umhugað um að útivistartími, sem bundinn er í lög, sé virtur til að tryggja eins og kostur er að börn njóti nauðsynlegrar hvíldar og séu sem best búin til að takast á við þau verkefni sem bíða á degi hverjum.

Eins og eflaust mörg okkar þekkja þá er vinsælt hjá börnunum að segja að allir nema hann/hún megi vera lengur úti til að pressa á foreldra/forráðamenn að gefa slaka og leyfi lengri útivistartíma. Mörgum foreldrum/forráðamönnum reynist þessi barátta erfið.

Samtaka í samstarfi við Samfélags- og mannréttindanefnd Akureyrarbæjar hefur látið útbúa 1600 ísskápasegla eins og sjá má hér að ofan. Seglarnir verða afhentir öllum nemendum í 1. til 6. bekk í öllum skólum í viku 13.

Það er von Samtaka að seglarnir fái fastan samastað á hverju heimili og að átakið auki samstöðu foreldra/forráðamanna í að virða útivistarreglurnar.